

Ár 2015, fimmtudaginn 28. maí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Óskari Bergssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna hf.

I.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna hf. heyrir undir kjararáð.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 28. janúar 2015 frá framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna hf. Í bréfinu er þess óskað að kjararáð endurskoði launakjör framkvæmdastjórans frá og með 1. september 2013 eða frá þeim degi er stórfelldar breytingar urðu á umfangi starfs hans. Í bréfinu segir að í ákvörðun kjararáðs frá árinu 2010 sé starfsemi Landskerfis bókasafna hf. lýst en félagið sé sameign íslenska ríkisins og flestra sveitarfélaga í landinu og tilgangur þess sé að reka framsækið og öflugt upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn og eftir atvikum önnur söfn á Íslandi. Einnig sé hlutverk framkvæmdastjóra rakið í ákvörðuninni ásamt umsvifum starfsins og stofnunarinnar. Í ákvörðuninni hafi ekki verið gert ráð fyrir neinum einungum vegna yfirvinnu en það heyri til undantekninga í ákvörðunum ráðsins. Á þeim fimm árum sem liðin séu hafi orðið miklar breytingar á starfinu sem hafi útheimt verulega meiri vinnu og aukið álag á framkvæmdastjóra. Í bréfinu segir að verkefni hafi aukist. Ein ástæða þess sé aukin þjónusta við bókasöfnin vegna utanumhalds og umsýslu rafræns safnskots, þ.e. rafrænna tímarita, tímaritsgreina og rafbóka. Breytingar á þessu sviði séu afar örur og sé það ærið viðfangsefni að aðlaga kerfi og þjónustu að breyttum kröfum bókasafnanna. Nefna megi að Landskerfið leiti nú að nýju kerfi sem geri almenningsbókasöfnum kleift að lána út rafbækur. Samhliða þessu sitji framkvæmdastjóri fyrir hönd félagsins í vinnuhópi með fulltrúa almenningsbókasafna og fulltrúa Félags íslenskra bókaútgefenda (FÍBÚT), en þar sé unnið að því að ná samningum við FÍBÚT um útlán íslenskra rafbóka á bókasöfnum sem sé brýnt hagsmunamál almennings. Þá hafi Landskerfið á síðasta ári tekið þátt í verkefni í samstarfi við aðildarsöfn sem lúti að því að móta framtíðarsýn varðandi aðgengi að rafrænu efni í safnagáttinni leitir.is sem félagið reki. Í framhaldinu hafi verið gerðar miklar breytingar á virkni og útliti leitir.is. Einnig megi nefna verkefni í samstarfi við Landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum hvar.is sem lúti að því að skoða og meta lýsigögn erlendra birgja og útgefenda vegna rafrænna áskrifta en áskriftir hvar.is séu aðgengilegar í gegnum safnagáttina leitir.is. Kostnaður vegna Landsaðgangs vegna aðkeypra rafrænna áskrifta hafi á árinu 2013 numið um 236 milljónum króna. Allt séu þetta dæmi um nýjar áskoranir í rafrænum heimi. Mörg önnur verkefni hafi einnig orðið til þess að auka vinnu Landskerfisins. Sem dæmi um slíkt megi nefna að kröfur til upplýsingaöryggis hafi aukist mjög á umliðnum árum. Á árinu 2013 hafi verið unnið verkefni til að koma til móts við óskir Persónuverndar um bættu vernd persónulegra upplýsinga í bókasafnskerfinu.

Í bréfi framkvæmdastjórans segir að til viðbótar við aukin umsvif vegna bókasafnanna hafi Rekstrarfélag Sarps (RS) nú bæst við samstarfið en þjónustusamningur um það hafi verið undirritaður á milli Landskerfis bókasafna hf. og RS þann 24. júní 2013 og tekið gildi 1. september 2013. Samingurinn gildi til 1. september 2015. RS hafi verið stofnað 2002 sem sameignarfélag en sé nú almennt félag í eigu helstu aðildarsafna Sarps. Aðildarsöfn RS séu í dag rúmlega fimmtíu talsins en í hópi þeirra séu meðal annars Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn

Íslands, byggðasöfn um allt land, ýmis sérsöfn og listasöfn, t.d. Listasafn ASÍ og Hafnarborg. Tilgangur RS sé að annast rekstur og þróun skráningarkerfisins Sarps, hafa eftirlit með skráningu og sinna kennslu og ráðgjöf um notkun kerfisins. Meginmarkmiðið með Sarpi – menningarsögulegu gagnasafni – sé að varðveita heimildasöfn aðildarsafna. Fram kemur að um 1,4 milljónir aðfanga hafi nú verið skráð í Sarp. Þar séu skrár yfir muni, listaverk, ljósmyndir, fornleifar, hús, þjóðhætti og örnefnalýsingar. Sarpur skiptist í tvo tengda vefi, innri og ytri. Innri vefurinn sé vinnutæki aðildarsafnanna, það stjórnæki sem söfnin noti til þess að skrá sínar safneignir til að fá yfirsýn yfir hvað þau varðveita. Ytri vefurinn sé síðan sá hluti Sarps sem sé aðgengilegur almenningi á slóðinni sarpur.is og sá vettvangur sem aðildarsöfnin noti til að miðla upplýsingum um skráð aðföng. Vefurinn sarpur.is hafi verið opnaður í september 2013 eða skömmu eftir að Landskerfið hafi tekið við rekstrinum. Mikil vinna bæði í aðdraganda og ekki síður í kjölfar opunarinnar hafi lent á framkvæmdastjóra. Þá kemur fram að gögn sem birtast á sarpur.is hafi í lok árs 2014 verið gerð aðgengileg í safnagáttinni leitir.is. Sarpur hafi verið kallað stærsta einstaka samstarfsverkefni íslenskra menningarminjasafna. Nú annist Landskerfi bókasafna daglegan rekstur, fjármál og stjórnun RS, samningagerð, starfsmannahald og áframhaldandi kerfisþróun Sarps, auk þess að veita ýmsa þjónustu. Sarpur hafi verið smíðað af íslensku hugbúnaðarfyritæki, Þekkingu hf. í samstarfi við RS sem sinni jafnframt áframhaldandi þróun kerfisins sem og viðhaldi þess undir leiðsögn RS. Sarpur sé því enn í þróun og hafi nú verið unnið að því að bæta vinnulag við það verkefni, bæta skjölun vegna hugbúnaðargerðar og skýra skyldur verksala. Rekstur Sarps feli þannig í sér beina aðkomu að hugbúnaðarþróun sem sé nýmæli í starfsemi Landskerfis bókasafna. Starfsmenn RS hafi verið einn fyrir sameiningu en stöðugildi séu 1,6 eftir sameiningu. Þar af sé 0,35 stöðugildi sem fallið hafi á framkvæmdastjóra og greiðist til Landskerfis bókasafna hf., án þess að kjör hans hafi nokkuð breyst við það. Einnig kemur fram að vilji beggja stjórna sé að halda samstarfinu áfram og stjórn RS hafi á haustdögum 2014 fengið umboð fulltrúaráðs félagsins til að endurnýja samninginn við Landskerfi bókasafna hf.

Í bréfinu segir að stór hluti starfs framkvæmdastjóra RS sem jafnframt er framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna hf. hafi frá því að þjónustusamningurinn tók gildi falist í að ná betri tökum á kerfisþróun og viðhaldi Sarps í þeim tilgangi að byggja upp tiltrú og traust á kerfið. Annað mikilvægt verkefni framkvæmdastjóra hafi falist í að skjóta styrkari stoðum undir RS og vinna að fjárhagslegum stöðugleika þess en þar sé enn verk að vinna. Þetta hafi einkum verið gert með því að ná vel utan um einn stærsta útgjaldalið félagsins sem felist í forritunarvinnu við Sarp. Nokkur viðurkenning hafi falist í því að RS hafi verið veitt Íslensku safnaverðlaunin 2014. Verðlaunin séu veitt annað hvert ár og félagið hafi verið tilnefnt til verðlaunanna fyrir vef Sarps, sarpur.is.

Í bréfinu er tekið fram að Landskerfi bókasafna hf. njóti engra framlaga frá ríkinu. Það sé þjónustuaðili við bókasöfn og eftir atvikum önnur söfn og sé rekið fyrir þjónustugjöld frá söfnunum. Starfsmenn séu sjö en stórum hluta starfs félagsins sé úthýst. Það geri auknar kröfur til stjórnanda til aðhalds í fjármálum og yfirsýnar yfir alla þætti rekstrarins auk þess sem hlutverk framkvæmdastjórans sé að sjá til þess að daglegt starf gangi eftir. Það feli í sér að kerfin séu í lagi, eftirfylgni og samræming aðgerða, auk kennslu og námskeiðahalds. Reksturinn sé góður og þar með hagur félagsins. Rekstrargjöld ársins 2013 hafi verið 111,8 milljónir króna og hagnaður 17,2 milljónir króna. Eignir hafi verið 166,4 milljónir króna, þar af hafi handbært fé numið 125,9 milljónum króna. Aukin verkefni og umsvif skrifstofunnar hafa leitt til meira vinnuálags, lengri vinnudags og töluverðrar yfirvinnu.

Með bréfi framkvæmdastjórans fylgdu meðal annars ársreikningar Landskerfis bókasafna hf. fyrir árin 2012 og 2013 og þjónustusamningur um umsjón með rekstri Rekstrarfélags Sarps og aðstoð við kerfisrekstur Sarps.

Með bréfum dagsettu 17. febrúar 2015 var fjármála- og efnahagsráðuneyti og stjórn Landskerfis bókasafna hf. gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Stjórn Landskerfis bókasafna hf. sendi kjararáði bréf dagsett 3. mars 2015. Í bréfinu er tekið undir það sjónarmið að tekið sé tillit til yfirvinnu framkvæmdastjórans og hún metin til eininga. Þá segir að framkvæmdastjórinn hafi tekið á sig aukin verkefni vegna samvinnu við Rekstrarfélag Sarps. Þó að stjórnin hafi litið á þetta sem tímabundið álag fari ekki á milli mála að ábyrgð og umsvif sem fylgi starfinu hafi aukist vegna þessa verkefnis. Síðast en ekki síst sé rétt að hafa í huga að framkvæmdastjórinn hafi staðið sig vel í starfi sínu og sinni því af kostgæfni. Í ljósi alls þessa telji stjórnin sanngjarnt að komið verði til móts við óskir framkvæmdastjórans.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 31. mars 2015. Þar segir að í bréfi sem framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna hf. sendi kjararáði sé farið fram á að launakjör framkvæmdastjórans verði endurskoðuð frá og með 1. september 2013 vegna stórfelldrar breytingar sem orðið hafi hjá stofnuninni. Ráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi til þeirra breytinga sem orðið hafi á félaginu auk annarra viðmiðana við ákvörðun um launakjör framkvæmdastjórans.

Með bréfi dagsettu 8. apríl 2015 fékk framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna hf. send bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis og stjórnar Landskerfis bókasafna hf. til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi framkvæmdastjórans dagsettu 13. apríl 2015 eru ekki gerðar athugasemdir við bréfin enda sé tekið undir þau sjónarmið sem liggja til grundvallar ósk um breytingar á launakjörum.

III.

Á heimasíðu Landskerfis bókasafna hf. kemur fram að félagið hafi verið stofnað í nóvember 2001 og eigi ríkissjóður rúmlega helming hlutfjár. Tilgangur félagsins sé að reka sameiginlegt upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn á Íslandi. Hlutverk þess sé að innleiða og annast rekstur miðlægs bókasafnskerfis (Gegnir), samskrá íslenskra bókasafna, sem öllum bókasöfnum landsins gefist kostur á að tengjast; að vera tengiliður milli íslenskra bókasafna og framleiðanda bókasafnskerfisins og að veita safnafólki leiðsögn um notkun þess kerfis.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna hf. laun 23. febrúar 2010. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Fram hefur komið að framkvæmdastjóranum hafa ekki verið greiddar mánaðarlegar einingar. Þegar

litið er til þeirra breytinga sem orðið hafa á umfangi starfs framkvæmdastjórans frá því kjararáð ákvað honum síðast laun, einkum á árinu 2013, telur kjararáð rétt að breyta launum framkvæmdastjórans þannig að honum skuli greiða mánaðarlegar einingar.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna hf.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna hf. skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. september 2013 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna hf. vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 132, nú 715.341 krónur. Að auki skal greiða honum 10 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokk 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 7.153 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjórans gilda reglur kjararáðs frá 9. júní 2010.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Óskar Bergsson